

Umhverfisstofnun
Áb. GBI, SK, SDK
28. júní 2011
8.141
Tilv. 18/20110500235



Fljótdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 27. júní 2011
Tilv.: UMH11050146/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 23. maí sl. þar sem óskað er eftir undanþágu til að urða úrgang sem fellur til hjá Fljótsdalshéraði, Seyðisfjarðarkaupstað og Fljótsdalshreppi, á gömlum urðunarstað að Tjarnarlandi í Hjaltastaðapinghá. Ætlunin er að urða úrganginn í gömlum gryfjum sem eru til staðar og undirbúnar voru áður en samningur við landeiganda og starfsleyfi runnu út, en urðun var hætt í júlí 2009. Jafnframt er í undirbúningi er að hefja vinnu við umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar á erindi yðar í samræmi við ákvæði 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsögn Umhverfisstofnunar barst með bréfi dags. 14. þ.m. Einnig barst umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, dags. 6. þ.m.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnuninni hafi borist bréf frá Fljótsdalshéraði, dags. 23. maí 2011, þar sem óskað væri eftir að lokunarferli sem í gangi væri vegna urðunarstaðarins að Tjarnarlandi yrði stöðvað þar sem sveitarfélagið hyggist sækja um nýtt starfsleyfi fyrir staðinn og hefja þar rekstur á ný. Umhverfisstofnun hafi að svo stöddu ekki svarað erindinu en sjái ekkert því til fyrirstöðu að rekstur verði hafinn að nýju á urðunarstaðnum, svo fremi sem það verði gert á grundvelli starfsleyfis og staðurinn uppfylli allar kröfur reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Veki stofnunin athygli á að kröfur reglugerðarinnar gildi um urðunarstaðinn í heild, þ.e. bæði þann hluta sem nýttur var áður en urðun var hætt í júlí 2009 og þann hluta sem nýttur yrði eftir að rekstur hefst á ný. Áður en urðun var hætt að Tjarnarlandi árið 2009 hafi Fljótsdalshérað sótt um undanþágu frá starfsleyfi til tveggja ára, með bréfi dags. 23. febrúar 2009. Í umsögn sinni til ráðuneytisins hinn 15. maí 2009 hafi Umhverfisstofnun rakið leyfismál staðarins frá því að gildistíma síðasta starfsleyfis lauk þann 1. desember 2005. Kom þar fram að urðunarstaðurinn væri rekinn á undanþágu frá starfsleyfi fram í júlí 2009 og gert að skilyrði fyrir henni að sótt yrði um nýtt starfsleyfi fyrir lok árs 2008. Niðurstaða stofnunarinnar þá var að ekki lægju fyrir nógu ríkar ástæður til að framlengja undanþágu frá starfsleyfi til tveggja ára. Ljóst væri að það væri ætlun sveitarfélagsins að reka urðunarstaðinn næstu tvö árin hið minnsta og mat stofnunin að það ætti að gera á grundvelli nýs starfsleyfis en ekki undanþágu. Stofnunin lagði því til að Fljótsdalshérað myndi sækja um nýtt starfsleyfi sem allra fyrst. Tímabilið frá 16. júlí 2009, þegar fyrri undanþága frá starfsleyfi rann út, þar til nýtt starfsleyfi yrði gefið út yrði brúað með undanþágu frá starfsleyfi. Í ákvörðun sinni, dags. 2. júní 2009, hafi ráðuneytið synjað Fljótsdalshéraði um undanþágu en opnaði á möguleikann að endurskoða ákvörðunina þegar sótt hafi verið um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn. Fram kemur það mat Umhverfisstofnunar að í erindi Fljótsdalshéraðs, sem sé hér til umfjöllunar, sé ekki að finna rökstuðning sem breyti

afstöðu stofnunarinnar frá fyrrnefndri umsögn hennar. Í erindinu er nefnt að nágrannasveitarfélög sem reki urðunarstaði geti ekki eða vilji ekki taka á móti úrgangi frá öðrum sveitarfélögum. Um það sé ekki nánar fjallað í erindinu, hvorki fylgi gögn sem styðji þá fullyrðingu og né rökstuðningur fyrir því að veiting undanþágu frá starfsleyfi teljist neyðarúrræði því allir aðrir farvegir fyrir úrganginn séu fullkannaðir og hafi reynst ómögulegir. Niðurstaðan sem komi fram í fyrrnefndri umsögn Umhverfisstofnunar gildi því enn, þ.e. að ef hefja eigi rekstur urðunarstaðarins að Tjarnarlandi á nýjan leik eigi að gera það á grundvelli starfsleyfis en ekki undanþágu. Síðan, þegar sótt hafi verið um nýtt starfsleyfi með fullnægjandi hætti, sé mögulegt að endurskoða afstöðuna og veita undanþágu frá starfsleyfi á meðan á vinnslu starfsleyfis stendur, að undangenginni nýrri umsókn Fljótaldalshéraðs þar um. Umhverfisstofnun vilji þó leggja áherslu á að þótt urðunarstaðurinn verði mögulega rekinn á grundvelli undanþágu frá starfsleyfi þá beri engu að síður að uppfylla kröfur viðeigandi laga og reglugerða, þ. á m. reglugerðar um urðun úrgangs, og muni Umhverfisstofnun fylgja því eftir að það verði gert.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að hinn 16. mars 2007 hafi umhverfisráðherra veitt undanþágu til að urða úrgang í urðunarstaðnum Tjarnarlandi á grunni útrunnins starfsleyfis til 1. janúar 2008. Sú undanþága hafi síðan verið framlengd til 16. júlí 2009. Þessar undanþágur voru m.a. veittar þar sem urðun úrgangs á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar hafi verið umfram heimild í starfsleyfi og erfitt að sjá framhaldið fyrir. Hinn 1. júlí 2009 hafi urðun verið hætt í Tjarnarlandi áður en undanþágan rann út, þar sem samkomulag við forsvarsmann landeiganda um endurnýjun samnings hafi ekki náðst. Um nokkurra mánaða skeið hafi úrgangur frá sveitarfélögunum þrem verið urðaður í Þernunesi í Reyðarfirði með samþykki Fjarðabyggðar, sem hafi starfsleyfi fyrir þeim urðunarstað. Í apríl 2010 hafi Breiðdalshreppur fengið undanþágu og heimild til að urða úrgang frá sveitarfélögunum þrem á Heydalamelum í Breiðdal, samtals allt að 2.500 tonn af úrgangi eða til 1. júlí 2012, hvort heldur yrði fyrr. Fram kemur í umsögn heilbrigðiseftirlitsins að úrgangur virðist vera það mikill að útlit sé fyrir að 2.500 tonna markinu verði náð á haustdögum 2011. Í samþykktum undanþágum hafi ítrekað verið gerðar kröfur og skilyrði um að leitað verði endanlegra lausna til förgunar úrgangs frá sveitarfélögunum. Tímasettir frestir til að sækja um starfsleyfi og skila inn gögnum hafi verið veittir og tilmæli um samstarf við nágrannasveitarfélög. Mikil vinna hafi verið lögð í málaflokkinn á undanförunum árum og samstarfsnefnd um meðferð úrgangs á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi m.a. skilað skýrslu. Á Fljótaldalshéraði hafi með innleiðingu þriggja tunnu kerfis verið dregið mjög úr magni úrgangs til urðunar og nú sé lífrænn úrgangur frá heimilum í þéttbýli jarðgerður miðlægt. Með úrbótum á gámvöllum og flokkunarstöðvum á Egilsstöðum og í Seyðisfjarðarkaupstað sé íbúum og fyrirtækjum auðveldað að flokka úrganginn og draga úr magni úrgangs sem fari til urðunar. Þrátt fyrir þetta hafi þó ekki enn tekist að loka málinu með nýju starfsleyfi fyrir urðunarstað eða samkomulagi við nágrannasveitarfélög um móttöku úrgangs til urðunar á stöðum sem hafa starfsleyfi. Þessi staða skýrist m.a. af mikilli starfsmannaveltu sem hafi verið á umhverfissviði í Fljótaldalshéraði frá því að stórframkvæmdir á virkjanasvæðinu hófust. Samfella í vinnu við málaflokkinn í heild hafi því alls ekki verið eins og nauðsyn beri til. Starfsleyfi fyrir móttöku og urðun úrgangs í Tjarnarlandi var fyrst gefið út 16. nóvember 1992 og varð til þess að opinni brennslu úrgangs á Fljótaldalshéraði hafi verið hætt. Staðurinn varð fyrirmynd annarra urðunarstaða um langa hríð, enda vel útbúinn og rekinn. Rekstur og snyrtimennska við urðun hafi versnað á virkjanatímanum, enda hafi verið erfitt að fá mannskap eða vélar til verka og magn úrgangs mikið. Eftir að urðun lauk 1. júlí 2009 hafi verið gengið vel frá urðunarstaðnum og umhverfinu, en auðvelt og fljótlegt sé að fara í þann hluta urðunarsvæðisins sem búið hafi verið að undirbúa til urðunar þegar samkomulag við forsvarsmenn landsins hafi ekki náðst. Heilbrigðiseftirlit Austurlands hafi samkvæmt samningi við þáverandi Hollustuvernd ríkisins og síðan Umhverfisstofnun farið með eftirlit á urðunarstaðnum og einnig tekið sýni af sigvatni samkvæmt umboði starfsleyfishafa. Í sigvatni hafi ekki mælst efni yfir viðmiðunarmörkum. Haugurinn hafi virðst verja sig vel og einnig sé úrkoma ekki mikil á svæðinu og gasmyndun lítil. Það sé því trú heilbrigðiseftirlitsins að urðunarstaðurinn á Tjarnarlandi henti vel sem urðunarstaður og að með góðum útbúnaði og

vönduðum rekstri ætti að vera hægt að urða úrgang þarna í áratugi án þess að valda umhverfinu skaða umfram það sem eðlilegt geti talist.

Heilbrigðiseftirlitið bendir á að forsendur á staðnum hafi breyst þar sem eigandi Tjarnarlands hafi aftur forræði yfir landinu og hafi boðið sveitarfélaginu samning um að nýta það til urðunar úrgangs, eins og að var stefnt þegar starfsleyfið hafi upprunalega verið gefið út. Hjá Fljótsdalshéraði sé vilji til og þegar hafin vinna við að undirbúa umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað í Tjarnarlandi, þar sem hægt yrði að taka við úrgangi frá fleiri sveitarfélögum til langs tíma. Hér sé um að ræða tímafreka og kostnaðarsama vinnu. Það sé mat Heilbrigðiseftirlits Austurlands að undanþága samkvæmt fyrirbyggjandi beiðni þar um gæti auðveldað Fljótsdalshéraði að koma nýjum urðunarstað á Tjarnarlandi í notkun fyrr en ella væri. Þá er átt við urðunarstað sem uppfylli allar kröfur reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Enn frekari vinna við samningaumleitunir við sveitarfélög nær og fjær auk mikils kostnaðar við akstur úrgangs til urðunar annars staðar myndi ekki auðvelda eða flýta fyrir endanlegri lausn. Með því að gera sveitarfélaginu að leggja fram tímasetta áætlun um framkvæmdir við að útvega starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn og innheimta dagsektir ef dráttur verði á yrði til viðbótarhvati fyrir sveitarfélagið að hraða vinnunni eftir fönngum. Það sé mat Heilbrigðiseftirlits Austurlands að með því að samþykkja undanþágu frá starfsleyfi til Fljótsdalshéraðs um að mega urða úrgang í Tjarnarlandi í hæfilega langan tíma til að unnt sé að sækja um og gefa út starfsleyfi sé umhverfinu ekki ógnað umfram það sem eðlilegt sé og sveitarfélaginu jafnframt gert auðveldara að koma málum í réttan farveg til langrar framtíðar.

Með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram koma í umsögnun Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Austurlands og afstöðu þeirra til framangreindrar beiðni um undanþágu og í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðun í Tjarnarlandi þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi síðar en til 1. mars 2013.


Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:


1. Fljótsdalshérað skal leggja fram starfsleyfistryggingu, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 739/2003 um urðun úrgangs, til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 1. september 2011.
2. Þegar skal hefja vinnu til að tryggja að svæðið uppfylli kröfur viðeigandi laga og reglugerða, þ. á m. reglugerð um urðun úrgangs, m.a. hvað varðar botnpéttingu, og skal því að fullu lokið eigi síðar en 1. janúar 2013.
3. Sækja skal um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar með fullnægjandi gögnum sem fyrst og eigi síðar en 1. janúar 2012.
4. Upplýsa skal Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands reglulega um stöðu og framgang vinnu við svæðið, í fyrsta sinn fyrir 15. september 2011.

Fari Fljótsdalshérað ekki að framangreindum skilyrðum að mati Umhverfisstofnunar fellur undanþágan úr gildi.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Auður Arnardóttir


Sigurbjörg Sæmundsdóttir

1

.....